

Fréttabréf Viðskiptaráðs 20. nóvember 2009

Morgunverðarfundur: Áhrif banka á rekstrarumhverfi fyrirtækja

Fjármálastofnanir ráða nú miklu um landslag reksturs á Íslandi, í gegnum endurskipulagningu á skuldum og rekstri fjölda fyrirtækja á þeirra höndum. Inngrip fjármálastofnana í rekstur fyrirtækja getur haft veruleg áhrif á samkeppnis- og rekstrarumhverfi atvinnugreina, eins og umræða undafarinna mánaða ber glöggvitni. Til að ræða þau mál og leiðir til lausna boðar Viðskiptaráð til morgunverðarfundar næstkomandi fimmtudag.

Meðal þeirra sem þar taka til máls eru Þorsteinn Þorsteinsson, stjórnarformaður Bankasýslu ríkisins, Finnur Sveinbjörnsson, forstjóri Kaupþings, Birna Einarsdóttir, forstjóri Íslandsbanka, Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja og Tómas Már Sigurðsson, formaður Viðskiptaráðs.

Tímasetning: Fimmtudagur 26. nóvember, frá kl. 8:15-09:45.

Staður: Grand Hótel, Gullteigur.

Nánari dagskrá verður auglýst síðar.

Skráning á fundinn [hér](#).

Misráðnar leiðir í skattamálum

Stjórnvöld hafa nú kynnt ákvörðun sína um leiðir til aukinnar tekjuöflunar ríkissjóðs.

Jákvæðu tíðindin við útfærsluna sem kynnt var í gær felast í þeirri staðreynd að heildaraukning skattheimtu er minni en upphaflega var gert ráð fyrir. Samanlagðar tekjur af almennum tekjuskatti einstaklinga og fjármagnstekjur eru þannig áætlaðar 117 ma.kr. í stað upphaflegra áætlunar um 143 ma.kr. skattheimtu. Einnig hafa áætlanir um auðlinda- og orkuskatt verið endurskoðaðar til lækkunar.

Þrátt fyrir þetta er fyrirbyggjandi endurskoðun skattkerfisins til mikils vansa og ljóst er að verulega mun draga úr samkeppnishæfni þess og skilvirkni. Viðskiptaráð hefur lagt áherslu á að sjálfbærni í ríkisfjármálum náist fyrst og fremst með aukinni skilvirkni og aðhaldi í ríkisrekstri, minni þjóðhagslegri soun vegna ríkisumsvifa og breikkun þeirra skattstofna sem treyst hefur verið á.

Viðskiptaráð hefur því gert margvíslegar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á skattkerfinu.

Athugasemdir ráðsins má sjá [hér](#).

Kynningarfundir - leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Viðskiptaráð, í samvinnu við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland, býður aðildarfélögum uppá kynningar á nýjum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Um er að ræða stutta fundi á tímum sem henta stjórnendum og starfsmönnum viðkomandi aðildarfélags. Farið verður yfir efnistöð nýju leiðbeininganna, spurningum svarað og leitast verður við að gefa félögum ráð varðandi innleiðingu þeirra.

Kynningarfundirnir eru hluti af aukinni áherslu Viðskiptaráðs, SA og Kauphallarinnar á að íslensk fyrirtæki

tileinki sér viðmið og leiðbeiningar um góða stjórnarhætti. Það er samhljóma álit þessara samstarfsaðila að almenn innleiðing leiðbeininganna sé eitt af mörgum mikilvægum skrefum í átt að endurreisn íslensks viðskipta- og efnahagslífs.

Félagar geta óskað eftir kynningarfundum fyrir sitt fyrirtæki með því að hafa samband við Harald I. Birgisson, lögfræðing Viðskiptaráðs, haraldur@vi.is eða í síma 510-7109.

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eru aðgengilegar [hér](#).

Mikilvægi símenntunar

Viðskiptaráð vill minna aðildarfélaga sína á fjölbreytt úrræði menntunar samhliða starfi sem háskólar landsins hafa fram að bjóða. Þrátt fyrir þröngar skorður í rekstrarumhverfi fyrirtækja er mikilvægt að fyrirtæki leggi áherslu á endurmenntun og eflingu starfsfólks. Líta ber á slíkt sem fjárfestingu enda er færni og menntun starfsfólks til þess fallin að efla hag fyrirtækja, sér í lagi þegar horft er til lengri tíma.

Í þessu sambandi vill ráðið vekja athygli aðildarfélaga á að þeim bjóðast afsláttarkjör af námskeiðum á vegum Opna Háskólans í Reykjavík.

Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Um 1.500 manns tóku þátt á Þjóðfundinum síðastliðinn laugardag**, en alls unnu 162 hópar að því að móta gildi íslensks samfélags og framtíðarsýn fyrir land og þjóð.
- **Samkvæmt spám mun 12 mánaða verðbólga mælast um 8,3% í nóvember**, sem yrði lægsta gildi frá því í febrúar 2008.
- **Fasteignaverð í Danmörku hækkaði í fyrsta sinn í þrjú ár**, frá fyrsta til annars ársfjórðungs þessa árs.
- **Aflaverðmæti íslenskra skipa jókst um 12 ma. kr. fyrstu átta mánuði ársins**, sbr. við sama tímabil í fyrra.
- **Hægt hefur á samdrætti í hagkerfinu ef litið er til þróunar í innlendra veltu**, tímabilið júlí til ágúst 2009 m.v. sama tímabil í fyrra.
- **Framkvæmdir við álverið í Helgúvík hefjast af fullum krafti í vor** eftir ítrekaðar tafir, sem gera má ráð fyrir að hafi verulega jákvæð áhrif á vinnumarkað og almenn umsvif í hagkerfinu.
- **Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) gerir ráð að vöxtur hagkerfisins hefjist hérlendis á næsta ári** og að hagvöxtur muni mælast um 2,6% árið 2011.
- **Hagvöxtur í Bandaríkjunum verður um 2,5% á næsta ári skv. OECD**, en fyrri spár gerðu aðeins ráð fyrir tæplega 1% hagvexti.

Góða helgi.